

hvorugt fjelagið hefur síðan gjört nokkurt tilboð um, að inna hið fyrirhugaða 48 ferðalag af hendi. 18. apríl.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 49 sveitfesti purfalings.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar herra amtmaður, dags. 7. og 9. þ. m. og þar með fylgjandi nýjar upplýsingar viðvíkjandi sveitfesti stúlkunnar Ingibjargar Sigurðardóttur á Syðstu-Grund í Reykjavík, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með því að það nú er sannad, að tjeð Ingibjörg Sigurðardóttir hefur á árunum 18<sup>85/86</sup>, 18<sup>86/87</sup> og 18<sup>87/88</sup> þegið styrk úr sveitarsjóði Mosfellshrepps, verð jeg að vera yður samdóma um, að hún síðan árið 1878, er hún fluttist til Reykjavíkur, ekki hafi getað unnið sjer þar framfærzlurjett, heldur sje sveitlæg í Mosfellshreppi. 9. maí.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um 50 endurgreiðslu á tolli.** — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 9. maí. 17. marz þ. á., viðvíkjandi beiðni verzlunarstjóra Thor Jensens í Borgarnesi, um endurgreiðslu á tolli, er hann hefur greitt af 349 pottum brennivíns, er eiga að hafa lekið niður á skipinu »Thor«, er kom til Borgarness 25. maí 1891, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að með því að umrædd tollgreiðsla af hans hendi er innkomin í landsreikninginn fyrir 1891, og því staðfest af löggjafarvaldi landsins með lögum um samþykkt landsreikninganna 1890 og 1891, 16. sept. 1893, I. 10, þá hefi jeg ekki heimild til þess að leyfa endurborgun tollupphæðarinnar, heldur verður hann að sækja um það til fjárveitingavaldsins, enda hefur ekki verið fylgt fyrirskipuðu formi til þess að sanna, að lekin i raun og veru hafi átt sjer stað á leiðinni hingað til lands.

**Brjef landshöfðingja til biskups um flutning kirkju (ágríp).** — Með brjefi 51 þessu var samkvæmt 4. gr. laga 27. febr. 1880 leyft að flytja kirkjuna í Flat- 9. maí. ey á Skjálfanda að þjóðjörðinni Brettingsstöðum á Flateyjardal.

## Reikningur

52

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar til Svarfaðardalshrepps 1992—1893.

Tekjur.

kr. a. kr. a.

1. Eign í fardögum 1892 :

a. Í fasteignum . . . . . 2310 00

b. Ógoldnar leigur og landskuld af  $\frac{1}{2}$  Gloppu 18<sup>82/83</sup> 19 75 2329 75